

**Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn að Austurvegi 56, Selfossi,  
30. júní 1999, kl. 13:30.**

Karl Björnsson setti fund og tilnefndi sem fundarstjóra Bjarna Einarsson og fundarritara Svein Ingvarsson.

**1. Skýrsla stjórnar.**

Þorvarður Hjaltason flutti skýrslu stjórnar sem send hafði verið út fyrir fundinn.

Frá síðasta aðalfundi hafa verið haldnir 8 formlegir stjórnarfundir.

Eignaraðilar Sorpstöðvarinnar eru 14.

Eigið fé fyrirtækisins hefur aukist um 14.5% á milli ára.

Afkoma fyrirtækisins er góð á síðasta ári – rekstrarafgangur varð 6.5 millj. króna.

Eiginfjárstaða er sterk eða rúmlega 55 milljónir króna.

Gjaldskrá var hækkuð um síðustu áramót um 6%.

Á árinu 1998 nam innvegið magn sorps samtals 21.925 tonnum sem er um 5% minnkun á milli ára.

Ný urðunarrein var tekin í notkun í upphafi þessa árs og mun hún væntanlega endast fram á mitt ár 2000.

Starfsmenn eru tveir á svæðinu og ennfremur er Guðmundur Tryggvi Ólafsson, umhverfisfræðingur, í starfi hjá Sorpstöðinni og vinnur að ráðgjafar- og þróunarstörfum fyrir sorpstöðina.

Nýtt starfsleyfi tók gildi 22. september 1998, eftir að Umhverfisráðuneytið hafði úrskurðað vegna kærumála.

*Söfnun og endurvinnsla.*

Dagblaða- og tímaritapappír hefur verið safnað til endurvinnslu og á síðasta ári var árangur mjög góður, alls söfnuðust 152.8 tonn á árinu sem er 15% aukning frá árinu áður.

Á árinu söfnuðust 38 tonn af fernum.

Af brotajárni söfnuðust 2.308 tonn á starfssvæði Sorpstöðvarinnar.

Spilliefnum er safnað og stendur spilliefnagjald undir móttöku, flutningi og eyðingu á viðkomandi efni.

*Stofnun kjötmjölsverksmiðju.*

Gert er ráð fyrir að verksmiðjan kosti 150 – 160 milljónir króna og hefur fjármagn verið tryggt til verkefnisins.

Verksmiðjan verður reist í Hraungerðishreppi og keyrð á svartolíu en ekki með jarðgufu eins og til stóð að gera ef verksmiðja hefði risið í Hveragerði eða Ölfushreppi.

*Málaferli eigenda Auðsholts gegn Sorpstöðinni.*

Hæstiréttur kvað upp dóm í málinu 10. júní sl.

Samkvæmt dómnum skal sorpstöðin greiða eigendum Auðsholts 10 milljónir króna og auk þess kr. 3.2 milljónir í málskostnað.

Með dráttarvöxtum frá desember 1996 nemur heildarupphæðin kr. 17.765 milljónum.

Sú upphæð hefur þegar verið greidd.

*Samkomulag við Ölfushrepp.*

Stjórn stöðvarinnar hefur komist að eftirfarandi niðurstöðu.

“Stjórn Sorpstöðvar Suðurlands bs. samþykkir að móttöku aðflutts sorps, sem kemur í Kirkjuferjuháleigu utan starfssvæðis Sorpstöðvar Suðurlands, verði hætt í síðasta lagi 31. desember 2001.

Skal árlegt magn aðflutts sorps vera innan hámerks þess magns sem borist hefur til stöðvarinnar undanfarin þrjú ár og skulu samningar Sorpstöðvar Suðurlands bs. um móttöku og urðun sorps við aðila utan starfssvæðisins miðast við það.”

Með þessu samkomulagi er málinu lokið að mati stjórnar.

*Reikningur Sorpstöðvar Suðurlands.*

Reikningurinn er settur upp af Bjarna Jónssyni, endurskoðanda, áritaður af skoðunarmönnum, þeim Bjarka Reynissyni og Lofti Þorsteinssyni.

Sömuleiðis hefur stjórn áritað reikninginn.

Rekstrartekjur	45.508.821
Rekstrargjöld	37.297.471
Rekstrarhagn. án fjármagnsgj.	8.211.360
Fjármagnsliðir	(1.784.460)

Rekstrarhagnaður 6.426.900

### **Frjálsar umræður um skýrslu stjórnar og ársreikninginn.**

*Sesselja Jónsdóttir* hóf umræðuna og ræddi samkomulag vegna ágreinings Sorpstöðvar Suðurlands og Ölfuss um aðflutning sorps til stöðvarinnar. Hún lýsti ánægju sinni með samkomulagið og hvatti fundarmenn til að samþykkja það.

*Ingunn Guðmundsdóttir* spurði hvernig minnkandi tekjum yrði mætt?

*Karl Björnsson* ræddi umrætt samkomulag og minnkandi tekjur þess vegna, einnig hverfur urðun sláturúrgangs þegar Kjötmjölsverksmiðjan tekur til starfa. Kostnaður lækkar að sjálfsögðu eitthvað vegna minnkandi urðunar engu að síður er óraunhæft að gera ráð fyrir öðru en að gjaldskrá verði að hækka á næstu árum. Til stendur einnig að gera þriggja ára áætlun til að geta betur metið stöðu mála.

*Guðmundur Ingi Gunnlaugsson* taldi mikilvægum áfanga náð með samkomulaginu og það muni verða starfsemi stöðvarinnar til góðs. Hann benti einnig á að í dag er gjaldskrá stöðvarinnar einunigs 1/3 af gjaldskrá sambærilegra stöðva og hækkun því ekki óeðlileg.

*Guðmundur Þorvaldsson* þakkaði góða starfsskýrslu og lýsti ánægju með samkomulag við Ölfus. Hann ræddi ennfremur um endurvinnslu sem væri að stóraukast og mikilvægt að flýta þeirri þróun með öllum tiltækum ráðum.

*Loftur Þorsteinsson* fagnaði samkomulagi við Ölfusinga og ræddi ennfremur aðstöðu á urðunarsvæðinu – sóttþreinsibúnað og opnunartíma.

*Sigurður Þráinsson* lýsti aðstæðum í dalnum innan Hveragerðis og því, hversvegna hreppsnefnd Ölfushrepps treysti sér ekki til að leyfa staðsetningu kjötmjölsverksmiðju í sínum hluta dalsins.

*Þorvarður Hjaltason* ræddi samninginn við Ölfus og framtíð rekstrar stöðvarinnar – hann telur óhjákvæmilegt að hækka gjaldskrá vegna þess hvað fastur kostnaður er mikill. Þorvarður ræddi einnig um þann möguleika að breyta fyrirkomulagi þannig að fyrirtæki og einstaklingar greiði fyrir það sorp sem hver og einn þarf að farga í stað fastrar greiðslu.

*Arnar Árnason* lýsti aðstöðu á svæðinu m.a. sóttþreinsiaðstöðu og áhrifum veðurs á opnunartíma.

*Ingunn Guðmundsdóttir* þakkaði stjórn framsýni og fagnaði lyktum ágreiningsmála en kvaðst sjálf ekki að öllu leyti samþykk úrslitum mála. Ræddi um mikilvægi fræðslu og telur starf Guðmundar Tryggva Ólafssonar mjög mikilvægt. Hér lauk umræðum um skýrslu stjórnar og ársreikninga.

Skýrslan var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Ársreikningur einnig samþykktur samhljóða.

## 2. **Ákvörðun gjaldskrár:**

Gjaldskráin hækkaði um 6% að meðaltali frá 1. jan 1999 og er nú svohljóðandi:

Gjald fyrir sorp frá aðildarsveitarfélögum kr. 1.70 kr/kg.

Gjald fyrir sláturúrgang kr. 3.50 kr/kg.

Gjald fyrir annað aðflutt sorp sem ekki er sammingsbundið kr. 3.40 kr/kg.

Gjald vegna seyru kr. 0.50 kr/kg

Afgreiðslugjald er kr. 560 pr/losun.

Gjald fyrir trjáurlara kr. 1800/klst.

Aðalfundurinn samþykkir þessa breytingu en jafnframt var samþykkt samhljóða eftirfarandi tillaga:

“Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn 30. júní 1999, heimilar stjórn að gera breytingar á gjaldskrá fyrirtækisins frá og með næstu áramótum ef nægilegar ástæður eru til staðar að mati stjórnarinnar.

Jafnframt felur aðalfundurinn stjórninni að gera fjárhagsáætlun til næstu þriggja ára ásamt því að gera tillögu að gjaldskrá fyrirtækisins á sama tíma með hliðsjón af fyrirsjáanlegum breytingum á rekstrarforsendum fyrirtækisins. Tillögurnar verði kynntar aðildarsveitarfélögum með fjárhagsáætlun næsta árs.”

## 3. **Fjárhagsáætlun fyrir árið 1999.**

Þorvarður Hjaltason gerði grein fyrir áætluninni.

Rekstrartekjur	45.000.000.-
Rekstrargjöld	35.480.000.-
afborgun lána	6.600.000.-
varasjóður	2.920.000.-

Áætlunin samþykkt.

#### 4. Kosning stjórnar, varastjórnar og skoðunarmanna.

Tillaga um eftirtalda:

Aðalmenn í stjórn:	Karl Björnsson Guðmundur Ingi Gunnlaugsson Sesselja Jónsdóttir
Varamenn í stjórn:	Gísli Páll Pálsson Bjarni Einarsson Ágúst Ingi Ólafsson
Skoðunarmenn:	Bjarki Reynisson Loftur Þorsteinsson

Tillagan samþykkt samhljóða.

#### 5. Önnur mál.

##### a. Hluthafasamkomulag vegna Kjötmjöls ehf.

*Þorvarður* ræddi um þetta samkomulag sem sent var út með fundargögnum og hvatti til samþykktar þess.

*Geir Ágústsson* spurði um möguleika þess að fá hluthafa utan starfssvæðis Sorpstöðvar Suðurlands.

Hann fékk þau svör að nú þegar komi inn slíkt hlutafé og ekki væri óeðlilegt að reikna með fleiri utanaðkomandi aðilum í framtíðinni.

“Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn 30. júní 1999, staðfestir hluthafasamkomulag Kjötmjöls ehf., dagsett 31. mars 1999, sem stjórn Sorpstöðvar Suðurlands samþykkti með fyrirvara á fundi sínum 20. apríl sl.”

Tillagan samþykkt samhljóða.

Hér lauk umræðum um málefni Sorpstöðvar Suðurlands á þessum friðsama aðalfundi.

Bjarni Einarsson.  
Sveinn Ingvarsson.